



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

7. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 27. mars 2023 kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Smári Bergmann Kolbeinsson, formaður  
Björn Kristinn Pálmarsson  
Þorkell Þorkelsson  
Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

#### **1. Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi 2023**

Ragnar kynnti stöðu þeirra verkefna sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **2. Aðaluppdrættir og byggingarlýsing viðbyggingar við íþróttamiðstöð**

Búið er að senda aðaluppdrætti og byggingarlýsingu viðbyggingar við íþróttamiðstöð til byggingarfulltrúa.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **3. Greinargerð ÍSOR um umsókn um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða**

Fyrir liggur endanleg greinargerð ÍSOR varðandi umsókn um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **4. Minnisblað um fund með ÍSOR dags. 6. mars 2023**

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar um fund sem fulltrúar sveitarfélagsins áttu með ÍSOR þann 6. mars 2023. Á fundinum var farið yfir þau verkefni sem ÍSOR er að vinna að í dag fyrir sveitarfélagið ásamt þeim verkefnum sem sveitarfélagið hyggst ráðast í á næstunni.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **5. Minnisblað um efnasýnatöku fyrir Grímsnes- og Grafningsveitur - frumniðurstöður**

Fyrir liggur minnisblað Finnboga Óskarssonar hjá ÍSOR um frumniðurstöður efnasýnatöku úr vinnsluholum Grímsnes- og Grafningsveitna í Vaðnesi og Kringlu, auk sýna úr tveimur hitaveituholum á Sólheimum.

*Lagt fram til kynningar.*



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 6. Erindi frá Erlendi Salómonssyni f.h. lóðarhafa og húseigenda í Mýrarkoti vegna vatnsveitu

Fyrir liggur erindi frá Erlendi Salómonssyni um möguleika lóðarhafa og húseigenda í Mýrarkoti til að tengjast vatnsveitu sveitarfélagsins. Í dag er hverfið tengt vatnsveitunni Múla.

*Ragnari falið að afla frekari upplýsinga s.s. um tengipunkt o.fl. ásamt því að framkvæma kostnaðarmat.*

### 7. Erindi frá Marteini Mássyni vegna hitaveitu

Fyrir liggur erindi frá Marteini Mássyni er varðar verðskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Í erindinu gerir Marteinn athugasemdir við þær verðhækkanir sem urðu við síðustu endurskoðun gjaldskrár hitaveitunnar. Jafnframt gerir Marteinn athugasemdir við hitastigið á vatninu.

*Framkvæmda- og veitunefnd bendir á að umræða um gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps fór fram á 537. fundi sveitarstjórnar þann 7. desember 2022 þar sem tekin var ákvörðun um að hækka gjaldskrá veitunnar um 15%. Gjaldskrárhækkunina má rekja til hækkandi rekstrar- og fjármagnskostnaðar ásamt mikilla fyrirliggjandi fjárfestinga til að tryggja afhendingaröryggi veitunnar til framtíðar. Hvað varðar athugasemd Marteins um hitastigið á vatninu þá felur framkvæmda- og veitunefnd umsjónarmönnum hitaveitunnar að taka athugasemdina til skoðunar.*

### 8. Minnisblað um hjóla- og gönguleiðir meðfram þjóðvegum í Grímsnes- og Grafningshreppi

Fyrir liggur skýrsla Ragnars Guðmundssonar og Guðrúnar Ásu Kristleifsdóttur um hjóla- og gönguleiðir meðfram þjóðvegum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Valkosta og kostnaðargreining. Í skýrslunni var valið að skoða fjórar leiðir í sveitarfélaginu sem telja má líklegar til stígagerðar.

*Framkvæmda- og veitunefnd hrósar Ragnari og Guðrúnu fyrir metnaðarfulla skýrslu. Nefndin leggur til að skýrslan verði rædd í sveitarstjórn þar sem skoðaðir verða möguleikar þess að tryggja verkefninu brautargengi.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:50